

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2017, föstudaginn 12. maí, var haldinn 265. fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11.10. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Bryndís Haraldsdóttir (símleiðis þegar fjallað var um lið 1 í dagskránni) og Sverrir Óskarsson. Fjarverandi: Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sem ritaði fundargerð, sviðsstjóri fjármála og reksturs.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfismál
2. Árshlutauppgjör 31. mars 2017
3. Önnur mál

Petta gerðist:

1. Fram fer að nýju umræða um mögulegar breytingar á leiðakerfi sbr. fundargerð stjórnar frá 18. apríl 2017.
Stjórn óskar eftir að framkvæmdastjóri leggi fram tillögur að breytingum á leiðakerfi í samræmi við umræður á fundinum til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.
2. Lagt fram þriggja mánaða uppgjör félagsins, dags. 31. mars 2017. Árshlutauppgjörð er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.
Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta uppgjörð með undirritun sinni.
3. Önnur mál
 - a) Framkvæmdastjóri fór yfir möguleikann að bjóða viðskiptavinum aukinn sveigjanleika við kaup á tímabilskortum á heimasíðu Strætó, þ.e. persónukort. Í stað þess að einungis sé hægt að kaupa 1, 3 eða 9 mánaða almennt tímabilskort þá verði viðskiptavinum Strætó boðið að velja þann fjölda mánaða sem hentar hverju sinni, þ.e. frá 1 mánuði upp í 12 mánuði.

Stjórn samþykkir að þetta verði unnið áfram.
 - b) Stjórn Strætó samþykkir að leggja til við aðalfund að KPMG hf. Endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Strætó bs. fyrir árið 2017. Jafnframt að efnt verði til útboðs á endurskoðunarþjónustu í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Fundi slitið: 13.00

Fylgiskjöl:

- Árshlutauppgjör 31. mars 2017
- Kynning – árshlutauppgjör 31. mars 2017

Heiða Björg Hilmisdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir
Bryndís Haraldsdóttir

Sverrir Óskarsson